

# Sérkennslan í Rjúpnahæð

- *Nám án aðgreiningar* er sú hugmyndafræði sem höfð er að leiðarljósi þegar sérkennsla er skipulögð og framkvæmd í leikskólanum Rjúpnahæð.
- Markmið sérkennslunnar er að búa svo um að öll leikskólabörn geti þroskast sem best á eigin forsendum – að þau fái að læra á sinn hátt og á sínum hraða og að þau njóti leikskóladvallar sinnar.
- Sérkennslustjórinn okkar heitir Jóhanna Pálsdóttir.



# Snemmtæk íhlutun og viðbrögð við frávikum

- Ef foreldrar eða deildarstjóri hafa áhyggjur af þroska barns er sérkennslustjóri kallaður til.
- Sérkennslustjóri fylgist með barninu í leik og starfi og í kjölfarið metið hvort þurfi aðstoð frá utanaðkomandi sérfræðingi í samráði við foreldra.
- Við erum í samstarfi við talmeinafræðinga, sálfræðinga og iðjupjálfa á vegum Kópavogsbæjar.
- Á meðan beðið er eftir komu sérfræðings hefst snemmtæk íhlutun í leikskólanum, hvort sem hún felst í málörvun eða vinnu með hegðun barnsins. Því fyrr sem maður byrjar íhlutun því meiri líkur eru á árangri.

# Hlutverk sérkennslustjóra

- Sérkennslustjóri ber ábyrgð á skipulagningu, framkvæmd og ut anumhald sérkennslunnar.
- Meginverkefni sérkennslustjóra:
  - Veita ráðgjöf varðandi snemmtæka íhlutun
  - Vera í samstarfi við sérfræðinga
  - Útbúa beiðnir vegna sérfræðiaðstoðar
  - Skýrslugerð vegna aðkomu Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins
  - Gerð og eftirfylgd einstaklingsnámskráa og endurmats
  - Reikna út úr þroskalistum
  - Skila upplýsingum um börnin til næsta skólastigs
  - Leggja fyrir málþroskaskimanir
  - Pantastur hjá ferðapjónustu fatlaðra
  - Pantastur túlkapjónustu
  - Sitja teymisfundi
  - Búa til og halda ut anum námsgögn vegna sérkennslu
  - Koma að tilkynningum til barnaverndar
  - Vera í samskiptum og samstarfi við sérkennslufulltrúa og sérkennsluráðgjafa á Menntasviði

# Reglubundnar prófanir, skimanir og athuganir

- Sérkennslustjóri og deildarstjórar fylgjast með framvindu þroska barnanna.
- Í Rjúpnahæð notum við þrjú matstæki til þess að átta okkur á hvar styrkleikar og veikleikar hvers nemanda liggja til þess að geta veitt snemmtæka íhlutun þar sem þörf er á.
  - TRAS skráningarlistinn frá 2-5 ára
  - EFI-2 málþroskaskimun fyrir börn á fjórða ári
  - Hljóm-2 próf á lokaári leikskólagöngunnar
- Foreldrar gefa skriflegt leyfi áður en fyrirlögn á EFI-2 og Hljóm-2 á sér stað.

# TRAS

## Skráning á málproska ungra barna

- TRAS er skráningarlisti til notkunar fyrir leikskólakennara til að fylgjast með máltöku tveggja til fimm ára barna.
- Fyllt er í sama listann út leikskólagönguna fyrir hvert barn og flyst hann því með barninu á milli deilda.
- Markmiðið með *TRAS* skráningarlistanum er að unnt sé að grípa inn í með skjóta og markvissa íhlutun ef grunur vaknar um frávík.
- Deildarstjórar fara yfir skráninguna með foreldrum í foreldraviðtölum.



# EFI-2 málþroskaskimun



- Málþroskaskimun fyrir börn á fjórða ári sem kannar málskilning og tjáningarfærni barnsins.
- Skimunin byggist á myndabók með sjö myndum sem barn og kennari skoða saman.
- Svör barnsins gefa vísbendingu um hvar það er stadd í málþroskaferlinu miðað við jafnaldra.
- Fyrirlögn tekur yfirleitt u.þ.b. 10-15 mínútur og er þetta notaleg stund sem barnið á með kennara.
- Tilgangurinn með skimuninni er að finna þau börn sem eru með frávik í málþroska svo hægt sé að vísa þeim áfram í nánari athugun og grípa inn í með snemmtækri íhlutun

# Hljóm-2



- *Hljóm-2* er athugun í leikjaformi sem er notuð til að kanna hljóðkerfisvitund elstu barnanna.
- *Hljóm-2* er talið hafa forspárgildi um það hvernig börnum á eftir að ganga þegar kemur að lestrarnámi.
- Athuguninni er skipt upp í sjö þætti: Rím, samstöfur, samsett orð, hljóðgreining, margræð orð, orðhlutaeyðing og hljóðtenging.
- Niðurstöðum er svo skilað til foreldra í foreldraviðtölum.
- Þau börn sem sýna slaka færni eru síðan saman í hóp með kennara þar sem þessir þættir eru æfðir í gegnum leiki og spil.

# Sjónrænt skipulag

- Markmiðið okkar er að hafa umhverfið eins leiðbeinandi og fyrirsjáanlegt fyrir börnin í þeim tilgangi að efla sjálfstæði og sjálfsöryggi þeirra.
- Á öllum deildum hangir uppi sjónrænt dagskipulag, bæði mánaðardagatal og síðan nákvæm stundaskrá sem er sett upp á hverjum morgni.
- Veðurfræðingurinn fer yfir veðrið og þann útiklæðnað sem þarf að klæða sig í á sjónrænan hátt þar sem hann hengir upp myndir af veðrinu og fatnaðinum og segir og sýnir með *táknum með tali (TMT)*.
- Með þessu móti fá börnin upplýsingar um það hvað dagurinn ber í skauti sér sem veitir þeim öryggi og hjálpar þeim að hafa yfirsýn yfir það hvað er framundan.
- Einstaka börn þurfa sitt eigið sjónræna skipulag sem sniðið er að þeirra þörfum.







fiðrildi  
•••

# Tákn með tali

- Í Rjúpnahæð er stuðst við tjáskiptaaðferðina *Tákn með tali* (TMT).
- Aðferðin byggir á einföldum hreyfitáknum sem notuð eru á markvissan hátt til stuðnings töluðu máli.
- Upphaflega var aðferðin þróuð fyrir nemendur með mál- og þroskaraskanir en hún er málörvandi fyrir öll ung börn og nýtist því vel í leikskólanum.
- Öll börn í Rjúpnahæð fá sitt eigið tákn þegar þau byrja í leikskólanum og er reynt að nota TMT í sem flestum aðstæðum í leikskólanum.



góður  
••

# Hljóðasmiðja Lubba



- Hljóðasmiðja Lubba er málörvunarefni þar sem íslensku máhljóðin eru í brennidepli
- Efnið hentar börnum frá fyrsta aldursári í formi snemmtækrar íhlutunar og er gefið út af talmeinafræðingum.
- Innan Hljóðasmiðjunnar er bókin Lubbi finnur málbein. Bókin er hugsuð til málörvunar og hljóðanáms sem eflir hljóðkerfisvitund barna og leggur góðan grunn að lestrarnámi.
- Í bókinni kynnast börnin íslenska fjárhundinum Lubba sem býður börnunum í ævintýraferð um Ísland í leit að 35 málbeinum með það að markmiði að læra íslensku máhljóðin.
- Í Rjúpnahæð er unnið með hvert máhljóð í tvær vikur í senn á öllum deildum og kemur hundurinn Lubbi í heimsókn, ýmist í samverustundir eða sögustundir.
- Á hverri deild fyrir sig er unnið með Lubbaefnið út frá aldri barnanna.